



HJÁLPARSVEITIN TINTRON

ÁRSSKÝRSLA 2023



Innihald

Skýrsla stjórnar.....	4
Áritun stjórnar.....	5
Stjórn.....	6
Skoðunarmenn reikninga.....	6
Uppstillingarnefnd	6
Tækjamál og húsnæði.....	7
Húsnæði	7
Flugeldaskúr	7
Tinni 1.....	7
Tinni 2.....	7
Tinni 3.....	8
Tinni Snjóbíll,.....	8
Tinni vörubíll	8
Tinni bátur	9
Tinni fjórjhjól.....	9
Fjáraflanir	9
Skýrslur hópa.....	10
Hundahópur	10
Drónahópur.....	12
Fjórjhjólahópur	12
Báthópur	13
Unglindadeildin Greipur.....	13
Starf sveitarinnar.....	14
Útköll.....	15

Skýrsla stjórnar

Hjálparsveitin Tintron hefur vaxið mikið síðustu ár og er árið 2023 þar engin undantekning. Sveitin fór í 35 útköll á árinu sem er svipaður fjöldi og síðustu ár. Vinnukvöld voru á hverjum miðvikudegi allt árið fyrir utan jól og pásku. Eins og síðustu ár hafa eldgos á Reykjanesskaga haft mikil áhrif á starfið hjá okkur og hafa félagar Tintron verið duglegir að standa þar vaktina og hefur mikil reynsla safnast í bankann í þeim verkefnum.

Stjórn Tintron ákvað í sameiningu með félögum sveitarinnar að fara í miklar fjárfestingar á árinu, bæði í endurnýjun á tækjum og endurbótum á húsnæði sveitarinnar. Sveitin fjárfesti á árinu 2023 í vörubíl með krókheysi, tveimur fjórhjólum, fólksflutningabíl og dróna. Ekkert af þessu hefði verið hægt nema fyrir driftkraft og dugnað félaga bæði í verkefnum og fjárlunum því þegar upp er staðið liggur styrkur sveitarinnar í félögum hennar. Þess má þó geta að Tinni Engill, dróni sveitarinnar, var fjármagnaður að öllu leyti með styrkjum þegar frá er dregin niðurfellingin á búnaðinum en þeir styrkir komu frá Guðmundi félaga okkar og eiginkonu hans Þórleifu, Landsvirkjun og Pernille Tønder og félögum eftir sælgætissölu á Grímsævintýrum og áheitagöngu fjórða árið í röð yfir Mosfellsheiði. Þeim þökkum við öllum kærlega fyrir rausnarleg og óeigingjörn framlög til sveitarinnar á liðnu ári. Nú þegar ákveðnum fjárfestingarfasa er lokið þarf samt að passa uppá það að hætta ekki að viðhalda tækjum, búnaði og menntun félaga en marka þarf fjárfestingarstefnu næstu 10 ára. Kostnaður nýrra björgunartækja mun aðeins hækka á næstu árum og er því mikilvægt að byrja strax að huga að því hvernig sveitin ætlar að fjármagna dýr björgunartæki framtíðarinnar þegar núverandi tæki eru komin á endurnýjun.

Ný fjárlunartækifæri hafa svo til dottið í hendurnar á okkur líkt og torfæran í tvígang árið 2023 en það samstarf er vonandi komið til að vera.

Nýr samstarfssamningur við Grímsnes- og Grafningshrepp (GOGG) var undirritaður í júní og hefur stjórn fundið fyrir miklum áhuga sveitarstjórnar GOGG á hjálparsveitinni og því sem sveitin stendur fyrir og gerir í sveitarféluginu. Stefna núverandi stjórnar hefur verið að halda áfram þeim samfélagslega sýnileika sem við höfum staðið fyrir síðustu árin en hann hefur skilað okkur jákvæðri ímynd út í okkar nær samfélag og jafnvel langt út fyrir það. Sveitin heldur úti Facebook síðu og Instagram aðgangi þar sem vel hefur gengið að koma upplýsingum um okkar starf til samfélagsins hvort sem það snýr að almennu starfi sveitarinnar, samfélagslega þættinum, fjárlunum eða útköllum en þar höfum við fundið fyrir mikilli velvild í okkar garð.

Einnig var samið við Arnarlax um árlegan styrk til sveitarinnar sem við þökkum vel fyrir.

Það er von stjórnar að starfið haldi áfram af slíkum krafti sem hefur einkennt sveitina síðustu árin og haldi áfram að byggjast upp á öllum sviðum hennar sem nú þegar hefur verið komið upp.

Sérstakar þakkar viljum við færa ykkur, félögum sveitarinnar, fyrir þann tíma sem þið hafið gefið ykkur í starf sveitarinnar því að það er ekki svo sjálfgefið að eins mikill tími sé settur í sjálfboðaliðastarf okkar eins og raun ber vitni að sé gert hér hjá okkur í ekki stærri sveit en við erum. Það hefur sýnt sig og sannað að þrátt fyrir að vera lítil sveit í uppsveitum Árnæssýslu að þá erum við öflug og getum allt sem við ætlum okkur með þeirri samvinnu sem unnin hefur verið síðustu árin.

Áritun stjórnar

Jóhannes P. Guðmundsson

Jóhannes Þórólfur Guðmundsson, formaður

Patrik Thor Reynisson

Patrik Thor Reynisson, gjaldkeri

Jakob Guðnason

Jakob Guðnason, varaformaður

Antonia H. Guðmundsdóttir

Antonía Helga Guðmundsdóttir, ritari

Ágúst Elíasson

Ágúst Elíasson, meðstjórnandi

Stjórn.

Formaður

Jóhannes Þórólfur Guðmundsson

Varaformaður

Jakob Guðnason

Gjaldkeri

Patrik Thor Reynisson

Ritari

Antonía Helga Guðmundsdóttir

Meðstjórnandi

Agust Elíasson

Varamenn

Jón Þorkell Jóhannsson

Hafdís Óladóttir

Skoðunarmenn reikninga

Anna María

Þorkell Þorkelsson

Uppstillingarnefnd

Steinar Hermannsson

Sigurjón Þór Þrastarson

Vignir Guðnason



Kynningarfundur vegna Torfæru í Grímsnesi



Úr ferð unglingsdeildarinnar í Gíslaskála



Guðmudur og Þórleif afhenda sveitinni veglegan styrk til drónakaupa



Frá æfingu hundahóps

Tækjamál og húsnæði.

Húsnæði

Hjálparsveitin Tintron á sitt eigið húsnæði að Hraunbraut 2 á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsnæðið er orðið gamalt og lítið. Unnið hefur verið að endurbótum á félagsaðstöðu ásamt breytingum á bílasal. Stefna sveitarinnar er að halda áfram að endurbótum á húsnæðinu ásamt því að gera útisvæði þess fallegra og öruggara.

Flugeldaskúr

Sveitin á flugeldaskúr sem eru 2 gámaeiningar festar saman á heysisgrind.

Tinni 1

Tinni 1 er Toyota Land Cruiser árgerð 1997 . Upphaflega var bílnum breytt fyrir 44" dekk en nú er hann kominn á 46" dekk. Bíllinn fór í yfirhalningu á Ljónsstöðum á árinu og kom mun betur út eftir það.

Tetra og VHF, GPS, spjaldtölva, 4g internet, úrhleypibúnaður, dráttarspil, sjúkrabúnaður, börur, teppi, verkfæri, skóflur, drullutjakkur, sprungubjörgunarbúnaður
Ofurjeppi með mikla reynslu. Hefur bæði farið á Suðurskautið og Grænlandsjökul



Tinni 2

Tinni 2 kom nýr í desember 2021 og er 40" breyttur Land Cruiser 150. Bílum var breytt af Arctic Trucks. Búnaður – Spil, kastarar, þokuljós, vinnuljós, blá og gul blikkljós, sírena, Tetra og VHF talstöðvar, GPS, spjaldtölva, 4G router, úrhleypibúnaður, driflæsingar, OME Bypass fjöldunarbúnaður, snorkel, aukatankur.



Tinni 3

Sveitin fjárfesti seint á árinu í nýjum bíl Mercedes Bens Vito 9 manna bíl. Bíllinn er frábær viðbót í flotann og verður hann notaður af hundahóp, drónahóp og unglingsadeildinni, ásamt öllu öðru snatti fyrir sveitina.



Tinni Snjóbíll

Tinni Snjóbíll er Hågglund BV206 sem keyptur var af Landsvirkjun á sínum tíma. Nokkur vinna er eftir að snjóbíllinn verði 100% tilbúinn en mikill tími hefur farið í hann í sjálfboðavinnu til þess að gera hann klárann í allt. Snjóbíllinn er útkallshæfur.



Tinni vörubíll

Tinni Vörubíll var endurnýjaður á árinu og var keyptur notaður Scania krókheysisbíll. Bíllinn var áður í eigu björgunarsveitar og var hann því tilbúinn til notkunar.



Tinni bátur

Tinni bátur er Zodiac með 40 hestafla Yamaha utanborðsmótor.



Tinni fjórhjól


Sveitin á 2 CanAm 100 fjórhjól. Vinna við breytingu á hjólinu í rafmagni og aukatanka eru í vinnslu



Fjáraflanir

Fjáraflanir á árinu 2023 gengu vel fyrir sig og hefur það sýnt sig að félagar sveitarinnar leggja sig alla fram til þess að fjárhagur sveitarinnar sé góður. Mikið hrós til félaga

- Flugeldasala
- Sala Neyðarkalls
- Torfæra
- Hill Rally
- Skemmtikvöld Tintron
- Samstarf við Græna Skáta



Skýrslur hópa

Hundahópur

Í hundahóp 2023 eru 2 teymi, Elín (sem einnig er leiðbeinandi) með Tinna og Hafdís með Brá.

Árið byrjaði á skemmtilegum æfingum í snjóflóðaleit. Vegna snjólaga gátum við æft töluvert hér á Borg þar sem var meiri snjór en í Bláfjöllum, en einnig var mikið farið í Bláfjöll. Elín og Tinni fóru á snjóflóðanámskeið á Snæfellsjökli í mars sem stóð í 5 daga. Gist var á Gufuskálum. Tinni var of ungur til að taka próf en hann stóð sig eins og hetja.

Í apríl gerði vitlaust veður á Austfjörðum með mikilli snjóflóðahættu og fóru bæði hundateymin þangað þó að hundarnir væru ekki útkallshæfir. Þau voru sett á Seyðisfjörð en hætta var á öllu Austurlandi. Bæði Elín og Hafdís eru með snjóflóðanámskeið og að auki búin að stunda æfingar í snjóflóðaleit í mjög mörg ár. Þar dvöldu þau í viku við hin ýmsu verkefni. Þar sem kunnáttu þeirra var meiri en annara þá fengu þær mörg ábyrgðar verkefni.

Í enda apríl var farið að æfa víðavangsleitina og fyrsta sumarnámskeiði var á Bifröst síðustu helgina í maí. Það var 3 daga námskeið eins og öll önnur sumarnámskeið. Hafdís og Brá tóku A-endurmat og gekk það alveg glimrandi vel. Elín og Tinni reyndu sig við allskonar verkefni og gekk vel. Um miðjan júní var annað sumarnámskeið og fóru Elín og Tinni á það. Það var haldið hjá Brautartungu í Borgarfirði og hélt Elín þar fyrirlestur um rannsókn á hegðunarvandamáli hunda sém búa í útkverfum Ástralíu. Elín var einnig leiðbeinandi og dómarí í prófum auk þess að æfa hundinn Tinna.

Í ágúst var þriðja sumarnámskeiði og var það haldið í Fljótshlíðinni. Æfðu bæði teymin af krafti og dæmdu próf þess á milli. Einnig var látið upp æfing fyrir A-hunda í buggy bíl sem var mjög skemmtileg. Eigandi og hundur fengu að sitja í og keyrt var mjög hægt þangað til að við sáum að hundurinn lyfti trýni, auðsjáanlega í lykt, þá var bílinn stöðvaður og hundurinn láttinn af stað í að finna mann. Þetta gekk líka svona vel og gaman að sjá hvað hundarnir stóðu sig vel. Hafdís hélt fyrirlestur á þessu námskeiði um fígúranta eða hinn týnda, og hvað það er mikilvægur hlekkur í þjálfuninni.

Í september var námskeið númer 4 en Tintron teymin voru á námskeiði í Englandi. Námskeiði var haldið dagana 15.-17. September 2023. Við vorum þrjár sem fórum á þetta námskeið, en það er í samstarfi við Björgunarhundasveit Íslands, sem þjálfar meirihluta björgunarhunda á Íslandi í dag.

Þetta voru Hafdís Óladóttir og Elín Bergsdóttir frá Hjálparsveitinni Tintron og Anna Sigríður Sigurjónsdóttir frá Þorbirni í Grindavík. Flogið var út á fimmtudegi og var einkar vel tekið á móti okkur og séð um okkur á meðan á námskeiðinu stóð. Þetta námskeið var haldið í Langdale Valley sem er bæði mikið útvistarsvæði en einnig er þetta sveitahérað þar sem búa nánast eingöngu bændur. Dalurinn er frekar þróngur og fjöll til beggja hlíða. Vegir liggja að bændabýlunum, en þaðan eru stígar inn dalinn og upp á fjöllin. Þarna úti tíðkast ekki að keyra að æfingarstað, heldur er gengið og hundarnir koma allir með, eru látnir bíða rólegir við hlið bakpoka síns eigenda, eftir því að röðin komi að þeim að leita. Góð samvinna er á milli bænda og björgunarsveitanna, þar sem tryggt er að hundarnir fari ekki í búfénað, en leitarsvæðin eru oftast þar sem búfénaðurinn heldur til. Hundarnir fara því í byrjun þjálfunar í svokallað „stock test“ til að kanna hvernig þeir hegða sér í kringum búfénað, einkum sauðfé.

Mikið er um leitarútköll á þessum svæðum í Lake district og eru hundarnir alltaf kallaðir út strax. Hundamenningin í Bretlandi er allt önnur en hjá okkur. Við erum frekar afterlega á merinni hvað það varðar. Hver einasti fjárbóndi er með hunda í vinnu og almenningur lítur hundana allt öðrum augum en gert er hér á landi. Hundar eru auðfúsugestir nánast alls staðar og eru mikils metnir. Flestir hundarnir eru af tegundinni Border Collie, en í Bretlandi og Skotlandi er läng hefð fyrir ræktun á úrvals vinnuhundum. Einnig voru aðrar tegundir eins og labrador, springer spaniel og lurcher. Þjálfun hundanna er mjög svipuð og hér á Íslandi, enda höfum við fengið leiðbeinendur frá Lake District til okkar á Íslandi til fjölda ára, og við farið út til þeirra að afla okkur nýrrar þekkingar. Hópnum var skipt í tvennt og voru hundar á svipuðum stigum í þjálfuninni í hvorum hóp. Einnig voru hundar sem voru að stíga sín fyrstu skref í leitarþjálfun sem voru þjálfaðir á meðan hinir voru að leita. Fengu hundarnir afmörkuð leitarsvæði með 2-3 týndum og áttu eigendur að stýra þeim á réttan hátt í leitinni m.t.t. winds og landslags. Var ótrúlega gaman að sjá góða samvinnu manns og hunds og sjá vel þjálfaða hunda, sem finnst ekkert skemmtilegra en að finna fólk og fá bolta að launum. Á meðan fengum við útskýringar á uppsetningu leitarinnar, á hvaða stigi í þjálfuninni teymið var (hundur og maður) og svör við öllum okkar spurningum. Var þetta ótrúlega fróðlegt og skemmtilegt. Oft koma upp vandamál með hunda sem eru í þjálfun og átti það líka við þessa hunda. Fengum við að fylgjast með hvernig þeir leysa út hinum ýmsu vandamálum og fengum að spreyyta okkur á einum hundi sem átti við hopp- vandamál að striða. Það er skemmst frá því að segja að það gekk bara vel.

Nokkur ár eru síðan við fórum á námskeið til þeirra og var fróðlegt að sjá nýjar aðferðir við þjálfunina og nýja hugsun í sambandi við þjálfun dýra almennt. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að bestur árangur næst með svokallaðri jákvæðri þjálfun (positive reinforcement training). Það er mjög dýrmætt fyrir okkur að fá að fara á námskeið sem þessi til að fylgjast með framþróun og halda góðu sambandi við aðra sem eru að vinna í sömu hlutum og við.

Leiðbeinendurnir voru reyndir og fróðlegt að fylgjast með þeim og spryja. Einnig fengu við að spreyyta okkur sem leiðbeinendur og leggja þeim líka til góð ráð.

Allt fer þetta í reynslubankann, og þó að við séum frekar gamlar í hettunni þá má alltaf bæta við sig og víkka sjóndeildarhringinn. Einn leiðbeinandi frá þeim er búin að sækja um að koma á námskeið til okkar næsta sumar og verður frábært að allir okkar hundamenn geti notið leiðsagnar hennar.

Það vars haldið ein auka úttekt í nóvember, þar sem nokkrir sem höfðu fallið um sumarið fengu að reyna við próf. Elín var dómarí á þeiri úttekt.

Auk þessa voru hundateymin við æfingar að meðaltali 1x í viku meiri part af árinu. Við þurftum að sleppa þó nokkrum æfingum vegna mikilla viðveru í Grindavík. Við töldum að það væri bæði gott að kynnast þeiri vinnu sem þar er og einnig að fara í fjárlöfun fyrir sveitina okkar.

Hafdís Óladóttir formaður hundaflokks



Hundahópurinn með sýnikennslu í snjóflóðaleit fyrir unglingsdeildina.

Drónahópur

Drónahópur Tintron var stofnaður á árinu í kringum dróna sem stjórn ákvað að kaupa að tilstilli styrkja frá Guðmundi Jóhannssyni og Þórleifu Hoffmann Gunnarsdóttur, Samfélagsjóði Landsvirkjunar og Pernille Tønder. Ferlið hófst á því að fara í þarfagreiningu og fá kynningu á dróna frá Dronefly og varð úr að fá Autel Evo max 2 dróna. Dróninn er útbúinn zoom myndavél og hitamyndavél sem nýtist sveitinni í leit og eftirliti. Fékk sveitin drónann afhentan þann 30. desember. Dróninn mun nýtast vel í starfi sveitarinnar á komandi árum.

fh. Drónahóps, Ágúst Elíasson



Fjórhjólähópur

Snemma á síðasta ári var umræðan um að kaupa fjórhjól orðin ansi mikil og ljóst að þörfin og ekki síst mikill áhugi var til staðar. Stofnaður var hópur sem hafði það hlutverk að vega og meta þarfir okkar, hvaða tæki hentaði best og svo búnaður. Ákveðið var snemma að fara alla leið í þessum kaupum og velja 2 stk Can Am XTP 1000 hjól ásamt öllum þeim aukabúnaði sem þarf til og pöntun sett í gang hjá Ellingsen í Febrúar. Keypt var öflug tveggja öxla kerra á sama tíma til að flytja hjólin og hún merkt vel og vandlega.

Snemma var ljóst að gamla kaffistofan niðri þyrti að víkja svo hægt væri að koma hjólunum þokkalega fyrir í húsi. Samhlíða því var farið í að smíða búnaðarskápa fyrir fatnað og annað búnað.

Þann 26. Maí renndu hjólin í hlað og var þá strax hafist handa við að uppfæra felgur og dekk.

Fyrsta útkallið á hjólin var aðeins fimm dögum seinna þegar leit að konu á Flúðum kom inná borð til okkar. Hjólin komu 9 sinnum við sögu í útköllum á síðasta ári.

Jarðhræringar á Reykjanesi hafa aðeins hægt á ferlinu að klára aukabúnað á hjólin. Það sér fyrir endann á því núna um páskana og að því loknu ættum við að vera með flott hjól til í hvaða sem er.

fh. Fjórhjólähóps, Patrik Thor Reynisson



Eldgosavakt á fjórhjólum.

Bátahópur

Lítið reyndi á bátinn á árinu, kom ekkert útkall en var farið ein ferð með unglindadeildina á Laugarvatn.

fh. Bátahóps, Vignir Guðnason

Unglindadeildin Greipur


Unglindadeildin Greipur átti gott og fjörugt ár, héldum við alls um 26 fundi ásamt fleiri viðburðum eins og samæfingu á suðurlandi þar sem krakkarnir léku sjúklinga einnig léku þau sjúklinga á hópslysaæfingu á Laugarvatni, fórum með 5 krakka á Landsmót í Grindavík sem er klárlega hápunktur ársins.

Í lok sumars tók unglindadeildin þátt í gæslustörfum á torfæru hérna í Grímsnesinu og þótti mjög gaman. Í haust fórum við svo í áheitagöngu og gengum frá Reykholti og alla leið á Borg en betta eru um 20 km og söfnuðust hátt í 500 þúsund krónur sem verða nýttar til að kaupa tjald og annan búnað fyrir deildina. Einnig var farið á Miðnæturmóti Vatnaskógi í nóvember og Neyðarkallinn seldur í sveitarfélaginu. Krakkarnir eru búin að kynnast grunninum á ýmsum námskeiðum Björgunarskólans svo sem ferðamennsku, rötun, fyrstu hjálp, fjarskiptum, leitartækni og fleiru ásamt hnútum og klifri.

fh. Unglindadeildar, Anna María Danielsdóttir



Unglindadeildin æfir snjóflóðaleit með stöngum



Úr ferð unglindadeildarinnar í Gíslaskála



Mynd tekin úr kvöldrúnti unglindadeildarinnar að Bragabót

Starfssveitarinnar.

(öll mánukudagskvöld eru vinnukvöld og eru þau ekki á þessum lista)

- 1. janúar Flugeldasýning á Borg
- 8. janúar Kíkt eftir kindum á afrétt
- 15. janúar Snjóflóðaæfing - Unglingadeild
- 19. janúar Æfing, snjóflóðaleit - Hundahópur
- 22. janúar Æfing, snjóflóðaleit - Hundahópur
- 29. janúar Æfing, snjóflóðaleit - Hundahópur
- 2. febrúar Æfing, snjóflóðaleit - Hundahópur
- 15. febrúar Crean vetráskorun - Hellisheiði
- 19. febrúar Snjóbílaæfing
- 3.- 5. mars Helgarferð í Strút
- 4. – 19. mars Námskeið í Aðgerðarstjórnun
- 1. apríl Páskaeggjaleit á Borg
- 5. apríl Aðalfundur Tintron
- 15. apríl Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 20.- 24. apríl Endurmenntun Wildernes first Responder - Reykjavík
- 25. – 30. apríl Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 29. apríl Hópslysaæfing við Flúðir
- 10. maí Dagsferð á Langjökul
- 12. – 13. maí Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 14. maí Landsþing Slysavarnarfélagsins Landsbjargar - Akureyri
- 18. maí Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 27. maí Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 29. – 30. maí Æfing, - Fjórhlolahópur
- 3. júní Æfingaferð - Fjórhlolahópur
- 11. júní Skemmtikvöld Tintron í félagsheimilinu á Borg
- 14. júní Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 18. júní Nýr samstarfssamningur Tintron og GOGG undirritaður
- 22. júní Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 10. júlí Æfingaferð fjórhjól
- 23. júlí Gólf í bílasal málað
- 29. júlí Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 1. ágúst Torfæra - stangalækjarnámu
- 3. ágúst Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 15. september Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 24. september Torfæra í Stangalækjarnámu
- 7. október Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 8. október Höpefli, Mega Zipline - Hveragerði
- 8. október Dagsferð, - Fjórhlolahópur
- 11. október Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 14. október Björgunarmaður í aðgerðum - Nýliðahópur
- 15. október Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 21. október Æfing, víðivangsleit - Hundahópur
- 24. október BHSÍ
- 25. október Kvöldæfing, - Hundahópur
- 27. október Stofnun Drónahóps, Kynning frá Dronefly
- 10.- 12. nóvember Landsæfing – Höfn
- 2. nóvember Fyrsta hjálp - Nýliðahópur
- 11. nóvember Samráðsfundur um notkun dróna með BÁ, RL, SL
- 19. nóvember Fjórhlalaferð - Hellisheiði
- 25. nóvember Minningardagur fórnalamba umferðarslysa
- Fulltrúaráðsfundur Slysavarnarfélagsins Landsbjargar – Reykjavík

Útköll.

Farið í 35 útköll á árinu. Þau útköll sem eru merkt með * stóðu í meira en sólarhring

- 5. janúar F2 - Aðstoð við sjúkraflutninga í Kerinu
- 8. janúar F3 - Lokun við Miðfell – Vegagerðarverkefni
- 8. janúar F2 – Óvissustig, Bílfestur Mosfellsheiði
- 8. janúar F4 – Lokun Lyngdalsheiði
- 9. janúar F3 – Lokun við Írafoss
- 10. janúar F3 – Lokun Lyngdalsheiði*
- 10. janúar F3 – Leit- eftirgreßnslan í Borganesi
- 22. janúar F3 – Lokun Lyngdalsheiði
- 30. janúar F3 – Lokun Mosfellsheiði og Lyngdalsheiði
- 6. febrúar F3 – Fastur bíll Uxahryggjaleið
- 7. febrúar F4 – Lokun við Írafoss
- 19. febrúar F3 – Bílar útaf í Grafningi
- 27. mars F1 – Rýming og snjóflóð austurlandi*
- 29. mars F3 – Ölfus leit að konu
- 1. Maí F2 – Leit að konu við Flúðir
- 13. júní F3 – Leit á Reykjanesi við Svörtuloft
- 19. júní F2 – Aðstoð við sjúkraflutninga í Kerinu
- 5. júlí F2 – Slasaður einstaklingur í Kerinu
- 10. júlí F2 – Eldgos á Reykjanesi
- 12. júlí F2 – Slasaður einstaklingur við Háafoss
- 16. júlí F2 – Leit að stúlkum í Breiðholti
- 21. júlí F3 – Aðstoð við Hagavatn
- 24. júlí F1 – Fall í Brúarhlöð
- 5. ágúst F2 – Leit á Selfossi
- 11. ágúst F3 – Aðstoð við sjúkraflutninga í Kerinu
- 11. ágúst F1 – Vélsleðaslys á Langjökli
- 29. ágúst F2 – Leit að alzheimer einstakling
- 31. ágúst F3 – Leit á höfuðborgarsvæðinu
- 6. september F3 – Aðstoð við böruburð í Kerinu
- 12. október F1 – Bílvelta í uppsveitum Árnessýslu
- 23. október F3 – Sækja göngufólk á Ingólfssfjall.
- 4. nóvember F2 – Veikindi Katlatjarnaleið
- 10. nóvember F2 – Hættustig í Grindavík*
- 11. nóvember F2 – Slasaður einstaklingur við Leggjabrjót
- 18. desember F2 – Eldgos við Grindavík *



Farið var í Mega zipline í Hveragerði.

